# FUNDARGERÐ
## 52. fundur Odda bs
## haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 24. maí 2022
## og hófst hann kl. 16:00.

**Fundinn sátu:**
Björk Grétarsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Jóhanna Hlöðversdóttir, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Kristín Sigfúsdóttir, Yngvi Karl Jónsson, Ingigerður Stefánsdóttir og Sigrún B Benediktsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar skólanna: Björg K. Björgvinsdóttir, Hafdís Ásgeirsdóttir, Ragnar Jóhannsson, Ása G. Finnsdóttir, Ína Karen Markúsdóttir, Guðmundur Ingi Bragason, Auður Erla Logadóttir.

**Dagskrá:**

1. **Ársskýrslur skólanna 2021-2022 - 2204045**

   *Kynning skólastjóranna á verkefnum síðasta skólaárs.*

   Skólastjórar kynntu ársskýrslu hvers skóla fyrir sig og fóru yfir þau atriði sem skólastefnan kveður á um að skuli farið yfir á vorfundi Odda bs. Jafnframt voru lögð fram gögn til kynningar og umræðu. Tillaga um að vorfundur Odda bs staðfesti að skýrslur skólastjóranna hafi verið fullnægjandi og taki á þeim atriðum sem skólastefnan kveður á um. Vorfundur Odda bs vill færa skólastjórnendum og starfsfólki innilegar þakkir fyrir góð störf m.a. á þeim erfiðu Covid19 tímum sem gengið hafa yfir á síðustu misserum.

2. **Skóladagatöl 2022-2023 - 2203085**

   *Tillögur að skóladagatölum*

   Lögð fram til staðfestingar skóladagatöl allra skólanna. Gerð hefur verið tilraun til að samræma starfsdaga eins og mögulegt er í samræmi við ákvæði í skólastefnu Odda bs. Jafnframt er almennur áhugi fyrir því að undirbúinn verði sameiginlegur fræðsludagur fyrir starfsfólk Odda bs og annað starfsfólk sveitarfélaganna þann 19 ágúst 2022. Þetta kemur m.a. fram í nýrri skýrslu "Fræðslustjóra að láni" sem Fræðslunet Suðurlands vann með öllu starfsfólki skólanna og sveitarfélaganna á síðustu misserum. Þessari hugmynd er beint til nýrra sveitarstjórna sveitarfélaganna til umfjöllunar og afgreiðslu. Lagt er til að vorfundur Odda bs staðfesti skóladagatölin fyrir skólaárið 2022-2023 og var það samþykkt samhljóða.

3. **Endurskoðun skólastefnu - 1702001**

   *Endurskoðuð skólastefna 2021-2023 lögð fram.*

   Lagt fram til kynningar.

Fundargerðin yfirlesin og staðfest.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.**

Björk Grétarsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Jóhanna Hlöðversdóttir

Ágúst Sigurðsson